



## Nám skv. lögum nr. 112/1984 fyrir skipstjórnarmenn

Nám fyrir skipstjórnarmenn sem hafa starfað á undanþágu, skv. lögum nr. 112/1984, hefst í næstu viku. Námið tekur 14 vikur með prófum. Þeir sem standast próf fá réttindi til skipstjórnar á fiskiskipum allt að 80 rúmlestum að stærð. Einnig veitir það heimild til þátttöku í 10 vikna framhaldsnámi, sem að loknu prófi veitir réttindi til skipstjórnar á fiskiskipum allt að 200 rúmlestum í innanlandssiglingum.

Námið fer fram á eftirtöldum stöðum:

Stýrimannaskólanum í Reykjavík, hefst 9. september.

Fjölbrotaskóla Suðurnesja, hefst 9. september.

Grunnskólanum Grundarfirði, hefst 10. september.

Grunnskólanum Ólafsvík, hefst 9.-10. september.

Grunnskólanum Stykkishólmi, hefst 10. september.

Grunnskólanum Dalvík, hefst 9.-12. september.

Gagnfræðaskólanum Húsavík, hefst í nóvember og lýkur í febrúar.

Stýrimannaskólanum í Reykjavík hefur verið falið að hafa yfirumsjón með námi utan Reykjavíkur. Umsækjendur sem uppfylla inntökuskilyrði eru beðnir um að hafa samband við skólastjóra viðkomandi skóla nú þegar. Auk 80 tonna námskeiða verða skipstjórnardeildir 1. stigs við Grunnskólann á Dalvík og Heppuskóla, Höfn í Hornafirði, í samvinnu við Stýrimannaskólann í Reykjavík.

Menntamálaráðuneytið,  
Stýrimannaskólinn í Reykjavík.



Myndlist

# Jón Reykdal sýnir að Kjarvalsstöðum

Jón Reykdal heldur sína stærstu einkasýningu til þessa í vestursal Kjarvalsstaða. eru það 64 verk, 24 olíu- og akrílmálverk og 40 þurrkritarmyndir. Áður hefur Jón haldið tvær einkasýningar; á Ísafirði 1978 og í Norræna húsinu 1980.

Eins og menn ugglást vita er Jón Reykdal grafik-listamaður fyrst og fremst, en bregður fyrir sig olíu- og akrílmálun þegar sá gállinn er á honum. Vissulega eykur það fjölbreytni verka hans. En vaninn að fást við svo fínlega iðju sem grafik-listin er, þjakar dulítið málverk hans og gerir þau óþarflega stíð. A.m.k. sýnist svo vera, því þau verk hans eru áberandi best sem búa yfir mestri efniskennnd og lausustu pensilfari;

m.ö.o. þau sem ólíkust eru grafískum verkum.

Þetta þýðir ekki að verk Jóns séu vond, þau gætu einfaldlega verið miklu betri ef hann leyfði



HALLDÓR  
B. RUNÓLFSSON

myndrænum eignum málverkisins að njóta sín betur en raun ber vitni. Raunar hefur Jón verið að þróast frá ákveðnum sýmbólsum hugmyndum í átt til einfaldari tjáningar og er það vel. Sem fyrr er það Kjarval sem vísar veginn

og þá einkum sá Kjarval sem málaði „Frjálst er í fjallasal“. Allar myndir Jóns eru óður til náttúrunnar og yfirbragð þeirra er í hæsta máta íðillegt í latneskri merkingu þess orðs.

Það er raunar athyglisvert að þróun Jóns er fullkomlega í samræmi við forskrift sýmbólismans og efast ég þó um að Jón hafi að yfirlögðu ráði fylgt einhverju historísku prógrammi. Engu að síður er það staðreynd, að sýmbólisminn hvarf frá hinu frásagnarkennda í átt til einfaldari og skreytikenndari tjáningar, þar sem myndræn gildi réðu mun meiru en áður. Þannig eru íðillískar myndir Mattisses og Maurice Prendergast einfaldaðar útgáfur á hinum sérkennilega og bókmenntalega symbolisma Puvís de Chavannes. Um leið þokar hin eiginlega frásögn fyrir túlkun náttúrustemningarinnar svo lítið eimir eftir af táknrænu inn-taki.

Jón er kominn að endamörkum sýmbólismans og upplifir nú náttúruna beint og umbúðalaust. Um leið tekur hið lífræna að þrengja sé inn í verk hans; það inn í málverkunum og kolin í teikningunum. Það eru e.t.v. bestu myndirnar, þar sem unnar eru með þurrkrit og viðarkoli. Þar á sér stað sú vitalíska sambræðsla sem samboðin er landslags- og náttúruleg.

Án efa er Jón í sókn og miðað við sýningu hans í Norræna húsinu fyrir fimm árum er um stór-stíga framför í málverki að ræða. En betur má ef duga skal og þarf listamaðurinn að losna undan hinum skreytikenndu viðjum og munda þaðann af meiri festu. Það er vegna þess að það er stórhættulegur sökum dálætis auglýsingateknara á honum og sé hann ekki brúkaður af þeim mun meiri karlmennsku og þori, er hætt við að hann taki völdin af meistara sínum og þá er fjandinn laus.

Eins og áður er sagt eru þau málverk best sem lausust eru við ögun þrykklistamannsins. Þar sem Jón gleymir því að hann sé að mála gerast skemmtilegir og óvæntir hlutir sem bera með sér frjómagm komandi málverka. Listamaðurinn þarf eina sýningu til viðbótar til að verða fullkomlega frjálst í myndum sínum.

## LAUSAR STÖÐUR HJÁ REYKJAVÍKURBORG

Reykjavíkurborg vill ráða starfsfólk til eftirtalinnar starfa. Starfskjör samkvæmt kjarasamningum.

**Hjúkrunarfræðinga** við eftirtalda skóla:

Hólabrekkskóla

Ólduselsskóla

Æfingaskóla Kennaraháskóla Íslands

Skóla Ísaks Jónssonar

Melaskóla

Um er að ræða stöður og hlutastörf.

**Aðstoðarmenn** við skólatannlækningar

Upplýsingar gefur hjúkrunarforstjóri í síma 22400.

**Skrifstofumann** við vélritun og almenn skrifstofustörf. 100% staða.

**Starfskraft** til kaffiumsýningar fyrir starfsfólk Heilsværndarstöðvar Reykjavíkur. 50% starf. Upplýsingar gefur framkvæmdastjóri Heilsugæslustöðva í síma 22400.

Umsóknnum ber að skila til starfsmannahalds Reykjavíkurborgar, Pósthússtræti 9, 6. hæð, á sérstökum umsóknareyðublöðum sem þar fást, fyrir kl. 16.00 mánudaginn 16. september 1985.

## ÓTRÚLEGA LÁGT VERÐ

Kr. 16.000 staðgreiðsla  
Afborgunarskilmálar

## Coolcraft TVEGGJA DYRA KÆLI- OG FRYSTISKÁPAR

Samt. stærð: 260 l.

Frystihólf: 45 l.

Hæð: 145 sm. Breidd 57 sm.

Dýpt: 60 sm.

Vinstri eða hægri opnun.

Fullkomin viðgerða-  
og varahlutapjónusta.

Heimilis- og raftækjadeild.



LAUGAVEGI 170 - 172 SÍMAR 11687 - 21240

